AUGLÝSING

um skatteftirlit skattstjóra Vesturlandsumdæmis og skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra.

1. gr.

Fjármálaráðherra hefur ákveðið að fela skattstjóra Norðurlandsumdæmis eystra og skattstjóra Vesturlandsumdæmis að fara með skatteftirlit utan eigin umdæma, sbr. 2. gr. auglýsingar þessarar. Skatteftirlitið tekur til allra skatta og gjalda, sem skattstjórum er falið eftirlit með samkvæmt reglugerð nr. 373/2001.

2. gr.

Skattstjórinn í Norðurlandsumdæmi eystra skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Norðurlandsumdæmi vestra og Austurlandsumdæmi í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis

Skattstjórinn í Vesturlandsumdæmi skal auk skatteftirlits í eigin umdæmi annast skatteftirlit í Vestfjarðaumdæmi, Suðurlandsumdæmi og umdæmi skattstjórans í Vestmannaeyjum í samráði við skattstjóra viðkomandi umdæmis.

3. gr.

Auglýsing þessi, sem birt er með vísan til 4. ml. 1. mgr. 102. gr. laga nr. 90/2003, um tekjuskatt og eignarskatt, öðlast þegar gildi.

Fjármálaráðuneytinu, 8. mars 2005.

F. h. r.
Maríanna Jónasdóttir.

Ragnheiður Snorradóttir.

GJALDSKRÁ

um sorphirðu fyrir Siglufjarðarkaupstað árið 2005.

1. gr.

Bæjarstjórn Siglufjarðar er heimilt að leggja á árlegt sorphirðugjald (sorphreinsi- og sorpeyðingargjald).

2. gr.

Gjaldið skal lagt á hverja íbúð og hvert fyrirtæki á Siglufirði.